

Mamma borgar

Sigurður Júl. Jóhannesson

Höf. ókunnur

Á kaupmann - inn rétt við búð - ar - borð - ið svo bros - fög - ur horfð - i Stín - a: "Ég
ætlað - i þar - a að kaup - a klæð - i í kjól á brúð - un - a mín - a."

"Og hvaða lit viltu," ljúfur sagði hann,
"á litlu brúðuna þína?"
"Hvað, auðvitað rauðan, ósköp rauðan!"
Með ákafa sagði hún Stína.

Hann brosandi fór og klippti klæðið
"Hvað kostar það?" Spurði Stína.
"Einn koss," hann svaraði, "kostar línið
í kjól á brúðuna þína."

Í búðinni glumdi við gleðihlátur
er glaðlega sagði Stína:
"Hún mamma kemur í bæinn bráðum
og borgar skuldina mína."